

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 09
Dags.: 06.06.2015
Höfundur: HRS
Samþykkt: HJS
Síða 1 af 2

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Þrívíddartextíll HTL503
Námsáætlun haustönn 2015



Kennari Viðtalstímar	Helga Björg Jónasardóttir Miðvikudagar kl. 9:40-10:20	Sk.st.	HBJ
--------------------------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur með hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, form, móton og myndbygging auk annarra hugtaka sem tengjast skúptúrum og þrívíðum verkum. Leitast verður við að kynna nemendum fjölbreytta þrívíða vinnu og að nemendur skoði hvernig koma má tvívíðum skissum í þrívít form. Unnið verður með ýmis efni s.s.leir, gifs, vír, léreft, pappír, pappamassa, garn, ullarflóka, o.fl. Nemendur skulu halda utan um skissur, hugmyndir, prufur og þróunarvinnu sína og setja fram með skipulögðum hætti. Auk þessa vinna nemendur rannsóknarverkefni í einir eða í hópum sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.

Markmið:

Að nemandinn...

- geti komið tvívíðri hugmynd yfir í þrívídd
- geti notað ólíkar aðferðir og ýmsar gerðir efna við útfærslu þrívíðra verka
- hafi gert tilraunir með þrívít form
- átti sig á samspili rýmis og þrívíðra verka
- hafi unnið rannóknarvinnu sem nýtist í hugmyndavinnu
- hafi kynnt sér listamenn sem vinna þrívít verk, aðferðum og hugmyndafræði þeirra



Áætlun um yfirferð:

Vika 34-38	Lota 1	Þrívídd – kynning á áfanganum, grunnformin mótuð í pappa og fleiri efni. Þrívíðar tilraunir með ýmis efni og aðferðir. Hugtökin rými, tvívídd, þrívídd, myndbygging o.fl. skoðuð Kynning á nokkrum skúptúr-listamönnum
Vika 39-42	Lota 2	Rannsóknarverkefni, nemendur afla sér þekkingar um listamenn og kynna þá fyrir samnemendum. Móton í leir og tilraunir með gifs Styttur bæjarins, vettvangsverkefni
Vika 43-45	Lota 3	Lágmynd úr einu eða fleiri efnum – nemendur vinni með myndbyggingu, dýpt, forgrunn og bakgrunn verksins í huga
Vika 45-49	Lota 4	Lokaverkefni frjálst efnisval, má nota aðferðir eða hugmyndafræði listamanna úr rannsóknarverkefni.

Námsgögn:

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 09
Dags.: 06.06.2015
Höfundur: HRS
Samþykkt: HJS
Síða 2 af 2

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Þrívíddartextíll HTL503

Námsáætlun haustönn 2015



Nemendur þurfa að hafa skissubók og/eða möppu til að halda utan um skisser, minnispunkta, tilraunir, og hugmyndavinnu. Ef nemendur vilja nota eitthvað sértækt efni við útfærslu verka sinna þá þurfa þeir að skaffa það sjálfir. Athugið að myndavél er mjög gagnleg til skrásetningar tilrauna og nemendur skulu skila ljósmyndum af verkum sínum í lok annar. Ítarefni frá kennara s.s. ljósrit, listaverkabækur/-blöð og ljósmyndir og rafrænt efni.

Símar: velkomnir til náms en annars geymdir í símakassa í kennslustundum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próflaus áfangi. Metið í formi leiðsagnarmats, sjálfsmats og kennaramats. Öll verkefni, vinna og ástundun metin.

Námsmatsþáttur:	Vægi:
Verkefni úr lotu 1	20%
Verkefni úr lotu 2	20%
Verkefni úr lotu 3	15%
Verkefni úr lotu 4	20%
Rannsóknarverkefni, greinargerð og kynning á því	10%
Skissubók	5%
Ástundun, vinnusemi, stundvísí, umgengni	10%



Gangi ykkur vel

Helga

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils